



ÁRSSKÝRSLA 2016

REYKJAVÍKUR **A**KADEMÍAN

SJÁLFTÆTT RANNSÓKNA- OG FRÆÐASETUR

Ávarp stjórnarformanns

3

Starfsemi og skipulag

4

Skipurit RA ses 2016

5

Stjórn RA ses

5

Starfsfólk RA ses

5

Rekstur RA ses

6

Rekstrartekjur

6

Laun á verðlagi 2016 í m.kr.

6

Rekstrartekjur í m.kr.

6

Rekstrargjöld í m.kr.

6

Rannsóknir og rannsóknþjónusta RA

7

H21 málþing

7

Ráðstefnur og málþing

8

Menntun til framtíðar: háskólamenntaðir án atvinnu

8

Lýðheilsa, skipulag og vellíðan

8

Fjölmiðlar í almannabágu

8

Rannsókn- og samstarfsverkefni RA.

9

Mývatnssveit: Sjálfbærni, umhverfi og þróun u.þ.b. 1700-1950

9

Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðarmenning 1780-1918

10

Stafrænar sögur

10

Engaging Socially Disadvantaged Groups

10

Akademónar

11

Félög innan ReykjavíkurAkademíunnar

14

Ársreikningur RA ses 2016

16



ReykjavíkurAkademían í skoðunarferð.

Ávarp stjórnarformanns



Nú erum við að fara inn í okkar þriðja starfsár hér í Þórunnartúninu og segja má að við getum bara nokkuð vel unað við þá stöðu sem við erum í hér. Yfirleitt virðist fólk ánægt og líða vel hér. Það er vitaskuld ekki síst Óla Hrafni að þakka og hans

óþreytandi hjálpssemi og liðlegheitum. Það verður skarð fyrir skildi þegar hann kveður okkur á næsta ári.

Ljóst er að umfangið hér er nokkru minna en var vestur í JL húsi, við erum færri, það er þrengra um hvern og einn, en það virðist þó ekki koma að sök. Styrkir frá opinberum aðilum hafa ekki hækkað, en þeir hafa þó ekki verið skornir niður og hingað til höfum við haldið 18 milljóna árlegri fjárveitingu frá ríkinu og tveimur milljónum frá borginni sem staðföstum grundvelli starfsemi okkar, auk ýmissa minni styrkja til einstakra verkefna. Báða þessa samninga þarf að endurnýja með reglulegu millibili og nú stendur fyrir dyrum að fara í samningaferli við ríkið á næstu mánuðum; nýtt samningaferli við borgina er þegar hafið. Bryddað hefur verið upp á nýjungum í því um meira samstarf við borgina en hinn hefðbundni þjónustusamningur sem við höfum haft fram að þessu felur í sér, en slíkt gæti haft í för með sér aukið fjármagn til okkar, t.d. í tengslum við verkefnastjórn og annað slíkt.

Ráðstefnur höfum við haldið á árinu, þar af tvær mjög vel heppnaðar um fjölmiðlun í almannabágu, sem og eina um málefni leigumarkaðarins í samstarfi við Reykjavíkurborg,

demónar hafa gefið út bækur, haldið erindi víða og sópað að sér verðlaunum fyrir verk sín, stýra stórum rannsóknarverkefnum og nefna má til gamans að nýr forseti lýðveldisins kemur úr okkar röðum. Hann tók vel á móti okkur í haustferð Akademíunnar sem farin var út á Álftanes í nokkrum vindstrekkingi.

Hér innanhúss höfum við fengið nýjan framkvæmdastjóra, Svandísi Nínu Jónsdóttur, og bjóðum hana hjartanlega velkomna til starfa. Kristjönu misstum við illu heilli úr bókasafninu – Óli hefur sinnt fyrirspurnum og við höfum að sjálfsögðu aðgang að bókasafninu, en bæði við og Efling höfum verið að reyna að leggja höfuðið í bleyti um betri nýtingu safnsins og því hefur ekki enn verið ráðið í stað Kristjönu.

Öndvegiskaffi hefur verið öflugt undir styrkri og virkri stjórn Bjargar Árnadóttur og þökkum við henni gott starf nú þegar aðrir hafa tekið við því kefli. Heilmargt nýtt fólk hefur komið í okkar raðir á árinu og bjóðum við það velkomið og hvetjum það til að taka virkan þátt í félagsstarfi akademíunnar. Það var synd að jólatrésskemmtunin skyldi falla niður síðast vegna lítillar þátttöku og vonandi verður fjölmennt í vorferðina sem væntanlega stendur fyrir dyrum fljótlega.

Ingunn Ásdísardóttir,
stjórnarformaður RA ses



Gestir málþingsins Menntun til framtíðar.

Starfsemi og skipulag


ReykjavíkAkademían ses (RA ses) er sjálfseignarstofnun. Byggir hún á grunni Félags ReykjavíkAkademíunnar sem er félag sjálfstætt starfandi fræðimanna í menningar-, hug- og félagsvísindum á Íslandi. Stofnunin gegnir fjölbreyttu hlutverki. Hún er allt í senn vinnustaður, vettvangur fræðilegra viðburða og umræðu og félagsleg miðja sjálfstæðra rannsókna. Opín umræða og skoðanaskipti er grundvöllur þess að akademísk fræði þrífist og dafni og þar gegnir stofnunin lykilhlutverki fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn.

ReykjavíkAkademían á sér athyglisverða og óvenjulega sögu. Félagið var stofnað árið 1997 beint úr grasrót fræðimanna og var því fyrsta fræðasamfélagið á Íslandi sem starfaði án aðkomu stjórnvalda. Félagið hóf starfsemi sína í JL húsinu við Hringbraut 121 og gekk því oft undir nafninu „fræðasamfélagið við sjóinn“.

Þrátt fyrir þrengingar á köflum blómstraði fræðimannasamfélagið í húsinu við sjóinn í hartnær sautján ár eða allt þar til ReykjavíkAkademían flutti sig um set í Þórunnartún 2 (áður Skúlatún 2) þar sem framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar var lengi vel til húsa.

Árið 2016 var nítjándi starfsár RA. Alls eru 40 fræðimenn starfandi innan hennar vébanda í dag í um 20 skrifstofum á tveimur hæðum. RA sér jafnframt um rekstur Bókasafns Dagsbrúnar, sem er sérfræðisafn á sviði atvinnulífsrannsókna og verkalýðsmála, og er í eigu Eflingar – stéttarfélags.

Skipurit RA ses 2016



Stjórn RA ses er skipuð fimm félagsmönnum RA og tveimur til vara. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Félag RA kys á aðalfundi fimm menn til setu í stjórn RA ses og tvo til vara. Engin önnur sérréttindi tilheyrja félaginu en réttur til tilnefningar stjórnarmanna og umsagnarréttur um málefni stofnunarinnar tilheyrja félaginu. Stjórn RA ses skiptir sjálf með sér verkum og stýrir öllum málefnum stofnunarinnar í samstarfi við Félag ReykjavíkAkademíunnar.

Stjórn RA ses

Ný stjórn RA ses var kjörin á aðalfundi félagsins 15. apríl 2016.

Stjórnina skipa:

- Ingunn Ásdísardóttir þjóðfr. og þýðandi, formaður
- Dr. Ingimar Einarsson félags- og stjórn málafr., varaformaður
- Gylfi Gunnlaugsson bókmenntafr.
- Guðbjörg Lilja Hjartardóttir stjórn málafr.
- Gylfi Ólafsson heilsuhagfr.
- Svandís Nína Jónsdóttir tölfr., varamaður í stjórn (til 4. júlí 2016)
- Kristín Jónsdóttir sagnfr., varamaður í stjórn

Stjórn RA ses fundaði formlega alls þrettán sinnum á árinu að meðaltali í eina og hálf klukkustund í senn. Samkvæmt venju sat framkvæmdastjóri flesta fundina. Stjórnarmenn hafa ávallt tekið beinan þátt í stefnumótun og eftirfylgni hennar og stóðu sem fyrr þétt að baki framkvæmdastjóra í þeim verkefnum sem þurfti að sinna.

Starfsfólk RA ses

Á árinu 2016 störfuðu fjórir starfsmenn hjá RA ses í mismiklu starfshlutfalli. Ólafur Hrafn Júlíusson, þjónustustjóri, var í 80% starfi, Sesselja G. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri í 100% starfi (til 1. nóvember), Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar, bókasafns- og upplýsingafræðingur í 75% starfi, og Svandís Nína Jónsdóttir, framkvæmdastjóri í 75% starfi (frá 1. nóvember 2016). Talsverðar breytingar urðu á starfsfólki RA ses á árinu. Sesselja G. Magnúsdóttir, sem hafði verið í tímabundinni stöðu framkvæmdastjóra frá árinu 2014, lét af störfum 1. desember 2016. Við starfinu tók Svandís Nína Jónsdóttir en hún var ráðin í 75% starfshlutfall framkvæmdastjóra 1. nóvember. Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar sem hafði verið í afleysingum frá febrúarmánuði lét af störfum 1. desember. Einnig sagði Guðný Kristín Bjarnadóttir sem hafði verið í barneignarfríi allt árið 2016, starfi sínu hjá RA lausu. Stjórn RA ses þakkar Sesselju, Kristjönu og Guðnýju vel unnin störf og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.



Svandís Nína Jónsdóttir



Ólafur Hrafn Júlíusson




Sesselja G. Magnúsdóttir

Rekstur RA ses

Þegar litið er til þróunar í föstum launakostnaði RA ses á verðlagi 2016 sést að launakostnaðurinn jókst jafnt og þétt eftir hrun, allt fram til ársins 2014 (mynd 1). Síðan þá hefur launakostnaðurinn lækkað og er nú um 16,2 m.kr. Samkvæmt rekstraráætlun er gert ráð fyrir því að launakostnaður standi í stað árið 2017.


Mynd 1 Laun á verðlagi 2016 í m.kr.



Rekstrartekjur


Rekstrartekjur RA ses voru rúmar 72 milljónir árið 2016 en voru rúmar 64 milljónir árið 2015 (mynd 2). Í ár var stærsti tekjuliðurinn tekjur vegna rannsókna- og samstarfsverkefna, tæpar 27 m.kr. eða 37,5%. Framlag á fjárlögum var næststærsti tekjuliðurinn, 18,9 m.kr. eða 26,3%, og koma tekjur af skrifstofuhúsnæði þar á eftir, 17,6 m.kr.

Mynd 2 Rekstrartekjur í m.kr.



Heildargjöld RA ses voru rétt tæpar 76 m.kr., þar af var stærsti gjaldaliðurinn gjöld vegna verkefna, 26,9 m.kr. eða 35,4%. Gjöld af skrifstofuhúsnæði eru næststærsti gjalda-liðurinn 19,9 m.kr. og koma laun og launatengd gjöld þar á eftir, 16,2 m.kr. Gjöld vegna bókasafns og annar rekstrarkostnaður, samtals 13 m.kr., reka lestina (mynd 3).

Mynd 3 Rekstrargjöld í m.kr.



Líkt og rekstrarniðurstaða ársins sýnir voru rekstrargjöld 2016 hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrartap ársins nam rúmum 3,5 m.kr. Skýringar er helst að finna í umfangsmiklum flutningum stofnunarinnar árið 2014 í ný og dýrari húsakynni og aðlögun að breyttum aðstæðum í kjölfarið. Á heildina nam kostnaður RA ses við flutningana um 6,2 m.kr. og dreifist ójafnt milli áranna 2014–2016. Stjórn RA ses telur að jafnvægi muni komast á reksturinn frá og með árinu 2017.


Rannsóknir og rannsóknþjónusta RA

Rannsóknþjónustan (RaRA) er eitt af stoðsviðum ReykjavíkurAkademíunnar og hefur það hlutverk að efla og styrkja akademískar rannsóknir innan RA og kynningu á þeim. Henni er ætlað að þjóna þeim fræðimönnum sem starfa sjálfstætt innan vébanda RA ses og öðrum félögum í RA – félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna, t.d. með handleiðslu bæði einstaklinga og hópa við umsóknagerð. Rannsóknþjónustan sér jafnframt um bókhald þeirra rannsóknarverkefna sem hýst eru hjá RA ses.

Vegna rekstrarerfiðleika undangenginna tveggja ára var ekkert stöðugildi skráð á rannsóknþjónustu árið 2015. Úr þessu var bætt í lok árs 2016. Hinn 1. janúar 2017 var starfshlutfall framkvæmdastjóra og þjónustufulltrúa RA ses hækkað og verkefnum hagrætt til að mæta aukinni þörf og eftirspurn eftir rannsóknþjónustu. Áætlað er að starfshlutfall rannsóknastjóra verði um 60% á árinu 2017 og 2018 og 100% næstu ár á eftir. Rannsóknastjóri RA er einnig félagsmaður í Félagi rannsóknastjóra á Íslandi (ICEARMA) og evrópsku syststrasamtökunum (EARMA). Íslenska félagið er öflugur málsvári rannsókna og nýsköpunar hérlandis og tekur virkan þátt í mótun starfsreglna rannsóknasjóða sem heyra undir Rannís.

Eins og síðustu ár sóttu akademónar um starfsstyrki í Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna, Hagþenki, Tónlistarsjóð og rannsóknarsjóði á vegum Rannís auk annarra sjóða, svo sem Erasmus+ áætlunina. Rannsóknastjóri lagði sig fram um að hvetja fólk áfram í umsóknarvinnunni auk þess að lesa yfir og styðja umsækjendur á hvern þann hátt sem þurfa þótti. Styrkjaheimtur voru góðar en akademónar RA fengu úthlutað um 70 milljónum króna í styrki til rannsókna og samstarfsverkefna. Langstærsti hluti styrkfjárins, um 41,4 milljónir króna (eða 61%), kom úr Rannsóknasjóði Rannís. Næst á eftir kemur Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna með tæp 11% styrkfjárins og þar á eftir er það Launasjóður rithöfunda (um 7% styrkfjárins) og styrktarsjóðir Hagþenkis, um 4%, (mynd 4).

Mynd 4 Styrkir til akademóna um 70 m.kr.



H21 málþing

ReykjavíkurAkademían ses heldur reglulega H21 málþing (Hugmyndir 21. aldarinnar) en markmið þeirra er að stuðla að þverfaglegri umræðu innan félags- og hugvísinda um strauma og stefnur í mannvísindum samtímans. Á hverju málþingi er stefnt saman fjórum nýdöktorum á sviði félags- og hugvísinda sem kynna rannsóknir sínar, ræða kenningarlegar undirstöður og tengingu við fræðilega strauma samtímans. Til þess að ná fram settum markmiðum eru fengnir fyrirlesarar úr ólíkum greinum hug- og félagsvísinda og við skipulag málþinganna er reynt að efla umræður og finna sameiginlega þræði fræðimannanna.

Málþingin eru ætíð haldin á laugardegi frá kl. 11–15 með matarhléi og eru tekin upp á mynd- og hljóðband sem RA deilir á heimasíðu sinni.

Auk fræðimannanna skimar umræðustjóri eftir sameiginlegum þráðum sem skapað gæti umræðu um fræðin. Umræðustjóri er venjulega einhver sem tók þátt í síðasta H21 viðburði. Framkvæmd málþinganna er þannig að fyrirlesararnir ásamt umræðustjóra hittast í þrjú skipti fyrir málþingið og ræða sig í átt að sameiginlegri yfirskrift málþingsins. Hver og einn semur svo sitt erindi út frá þeim kjarna sem ákveðið er að málþingið snúist um.

Árið 2016 var yfirskrift H21 málþingsins „Óþekkt,“ sem vísaði til hins óþekkta og ókunna í samfélaginu. Framsögur voru í höndum fjögurra nýdöktora og stýrði dr. Unnur G. Óttarsdóttir umræðum.

Framsögur:

- Dr. Íris Ellenberger, sagnfræðingur.
Titill: Hin þekk(t)a samkynhneigð.
- Dr. Jón Ásgeir Kalmansson, heimspekingur.
Titill: Að vita að maður veit ekki. Um gildi þess að viðurkenna eigin vanþekkingu.
- Dr. Soffía Auður Birgisdóttir, bókmenntafræðingur.
Titill: Óþekkt í bókmenntum og lífi: frá bókmennta-gervum til kyngerva.
- Dr. Sumarliði Ísleifsson, sagnfræðingur.
Titill: Á mörkum mennsku og ómennsku. Hugmyndir Íslendinga um sjálfa sig og grannana í vestri.

Ráðstefnur og málþing



Fjölmiðlun í almannabágu: dr. Gunn Enli.

Menntun til framtíðar: háskólamenntaðir án atvinnu

Málþingið Menntun til framtíðar var haldið á vegum RA og fimm stéttarféлага innan BHM 18. mars 2016. Málþinginu var ætlað að vekja athygli á hlutfallslega auknu atvinnuleysi háskólamenntaðra á Íslandi og hvetja til umræðu á breiðum fræðilegum grunni um hugsanlegar ástæður vandans og atvinnustefnu í landinu almennt. Háskólamenntaðir án atvinnu er breiður hópur fólks, s.s. fólk sem misst hefur vinnuna, sem aldrei hefur fengið starf við hæfi, sem hefur verið stopult á vinnumarkaði, t.a.m. sjálfstætt starfandi lista- og fræðimenn og háskólamenntaðir öryrkjar. Aðalfyrirlesarar málþingsins voru þrír, þau dr. Tuomas Auvinen, deildarforseti Sibelíusar-akademíunnar í Helsinki, dr. Katrín Ólafsdóttir, lektor við Viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík og Karl Sigurðsson, sviðsstjóri hjá Vinnumálastofnun.

Lýðheilsa, skipulag og vellíðan

Ráðstefnan Lýðheilsa, skipulag og vellíðan var haldin 11. október 2016. Að ráðstefnunni stóðu RA, Reykjavíkurborg, Landlæknisembættið og Rannsóknir & greining ehf.

Á ráðstefnunni var fjallað um það hvernig megi skipuleggja umhverfi og starf þannig að það stuðli að heilbrigðum lífnaðarháttum eins og hreyfingu, næringu og góðum svefnvenjum til að efla heilsu og vellíðan íbúa á öllum æviskeiðum (í leikskóla, grunnskóla, í frístundastarfi, framhaldsskólum, vinnustöðum og á efri árum). Niðurstöður úr rannsóknunum „Heilsa og líðan Íslendinga“ og „Ungt fólk“ voru kynntar á ráðstefnunni ásamt Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.

Fjölmiðlar í almannabágu

ReykjavíkAkademían, í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og AkureyrarAkademíuna, stóð fyrir tveggja málþinga seríu undir fyrirsögninni Fjölmiðlar í almannabágu og var hið fyrra haldið síðla árs 2016 (en hið síðara í byrjun árs 2017). Markmiðið með málþingunum var að skapa gagnrýna og fræðilega umræðu um málefnið þar sem helstu sjónarmið fái notið sín; umræðu sem horfir til framtíðar og er óháð hagsmunum starfandi fjölmiðla. Með hugtakinu „fjölmiðlun í almannabágu“ (e. Public Service Broadcasting) er átt við fjölmiðlun sem miðar að því að vera til hagsbóta fyrir hinn almenna borgara en ekki til viðskiptalegs ávinnings fyrir eigendurna. Á fyrra málþinginu (í nóvember 2016) voru fjögur framsöguerindi fræðimanna sem starfa við erlenda háskóla og lauk málþinginu með pallborði fjögurra innlendra sérfræðinga.



Fjölmiðlun í almannabágu: Ingunnur Ásdísardóttir, stjórnarformaður RA ses, setur ráðstefnuna.



Fjölmiðlun í almannabágu: fyrirlesarar svara spurningum úr sal.



Demónar RA á góðri stund.

Rannsóknar- og samstarfsverkefni RA

Mývatnssveit: Sjálfbærni, umhverfi og þróun u.þ.b. 1700–1950

Árið 2016 fékk rannsóknarhópur í RA þriggja ára verkefnastyrk frá RANNÍS til að sinna verkefninu Mývatnssveit: Sjálfbærni, umhverfi og þróun u.þ.b. 1700–1950. Áður hafði hópurinn fengið styrk frá NSF, Rannsóknarsjóði Bandaríkjanna og safnað gögnum um tveggja ára skeið. Meginmarkmið verkefnisins, sem hefur ensku skammtstöfunina MYSEAC (The Myvatn District of Iceland: Sustainability, Environment and Change), er að rannsaka nýtingu gróðurs til heyskapa og beitar.

Rannsóknarhópurinn er þverfaglegur og alþjóðlegur. Í honum eru dr. Astrid Ogilvie, umhverfissagnfræðingur við INSTAAR í Boulder Colorado og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri, sem hefur einkum sinnt rannsóknum á íslenskum heimildum um veðurfar allt aftur til upphafs ritaldar, dr. Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur við RA og Þjóðminjasafn Íslands sem hefur rannsakað ýmsa þætti íslenska bændasamfélagsins, ritstýrt Landbúnaðarsögu Íslands og ritað tvö af fjórum bindum hennar, Megan Hicks fornleifafræðingur við CUNY, New York, sem hefur stundað fornleifarannsóknir í Mývatnssveit í meira en áratug, dr. Ragnhildur Sigurðardóttir vistfræðingur við RA sem hefur stundað vistfræðirannsóknir og tekið þátt í umræðu um



Áveitukerfi í Framengjum við Mývatn rannsókuð.

umhverfismál undarfarna áratugi og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur við RA og Náttúruminjasafn Íslands, sem m.a. hefur ritstýrt útgáfu Íslendingasagna á ensku og ritað ævisögu Jóns Lærða.

Sjálfbærni íslenska bændasamfélagsins hefur lengi verið til umræðu í íslensku fræðasamfélagi og meðal almennings. Litlar rannsóknir hafa hins vegar verið gerðar á efninu. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á þetta vandamál með því að rannsaka fyrirbyggjandi heimildir um heyskap og gróðurnýtingu í Mývatnssveit í Suður-Þingeyjarsýslu 1700–1950. Á þessu tímabili urðu miklar breytingar í landnýtingu, frá sjálfsþurftarþúskap sem er lýst í umfangsmiklum heimildum frá því um 1700, til þess er útflutningur

sauðfjárafurða fór að vaxa um 1820 og til nútímavæðingar búskapar á tímabilinu 1880 – 1920 og síðar. Slík rannsókn gefur færi á að fylgjast með áhrifum loftslagsbreytinga á búskap um 250 ára skeið. Grunnspurning verkefnisins er: Hverjir voru hinir ýmsu þættir sem urðu til að auka eða draga úr árangri við ræktun töðu á túnnum og nýtingu graslendis til búskapar, og hvaða þættir höfðu áhrif á sjálfbærni nýtingar á þessum auðlindum af hálfu samfélags sem byggði alla sína afkomu á þeim og bjó við stöðuga hættu á því að hafis, kuldi eða eldgos spilltu uppskerunni?

Hafa nú þegar komið út ýmsar greinar, skýrslur og bókakaflar tengt efninu og hafa meðlimir rannsóknarhópsins haldið ófáa fyrirlestra um efnið.

Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðarmenning 1780–1918

Þetta verkefni fékk styrk úr Rannsóknasjóði árin 2014–2017. Verkefnisstjórar fyrir hönd RA eru dr. Clarence E. Glad og Gylfi Gunnlaugsson cand. mag.

Verkefnið er alþjóðlegt rannsóknarverkefni níu fræðimanna sem beinir sjónum að störfum þeirra íslensku fræðimanna sem fengust við útgáfu á og skrif um íslensk fornrit / norrænar fornbókmenntir á árunum 1780–1918, með tilliti til þeirra þjóðernishugmynda sem þar koma fram. Í verkefninu er lögð áhersla á sjálfstæði hinnar þjóðernislegu orðræðu þessara fræðimanna gagnvart þeirri pólitísku orðræðu sem fylgdi sjálfstæðisbaráttunni. Orðræða þeirra er skoðuð sem hluti af alþjóðlegri umræðu um hinn íslenska / norræna menningararf og þjóðarmenningu almennt. Ein birtingarmynd þessarar umræðu var togstreita Íslendinga við aðrar þjóðir um „eignarhald“ á þessum arfi eða ákveðnum hlutum hans. Á sama tíma voru íslensku fræðimennirnir í víðtæku samstarfi við erlenda starfsbræður sína. Þetta samstarf og umgjörð þess er skoðuð sérstaklega. Loks leggur verkefnið áherslu á að kanna tengsl orðræðu

hinna íslensku fræðimanna við viðtöku grísk-rómverskrar arfleifðar. Rannsóknin mun skila mikilvægum upplýsingum um mótun sjálfsmyndar Íslendinga á umbrotatímum, auk þess að hafa almennt menningarsögulegt gildi.

Stafrænar sögur

er samstarfsverkefna sjö landa sem hefur verið starfrækt í mörg ár innan veggja RA. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins og er þetta sjöunda starfsárið. Í stuttu máli eru stafrænar sögur ákveðin aðferð til að setja stutta sögu á stafrænt form. Aðferðin leggur aðaláherslu á að sagan komist til skila og að stafrænu þættirnir yfirtaki hana ekki. Markmið samstarfsverkefnisins DigiPower er að kanna hvort og þá hvernig megi þróa og aðlaga aðferð stafrænna sagna svo hún henti í kennslu og í starfi með fullorðnu fólki með sérþarfir.

Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er Salvör Aradóttir. Starfsmaður verkefnisins á Íslandi er Ólafur Hrafn Júlíusson, þjónustustjóri RA.

Engaging Socially Disadvantaged Groups into Cultural Life In Slovakia

Samstarfsverkefni þriggja landa: Íslands, Noregs og Slóvakíu. Verkefnið fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði evrópska efnahagssvæðisins (e. EEA Grants) til starfseminnar. Verkefnisstjóri fyrir hönd RA er Björg Árnadóttir.

Akademónar Listi yfir sjálfstætt starfandi fræðimenn RA 2016

Aðalsteinn Eyþórsson

er íslenskufræðingur og starfar sjálfstætt, einkum við yfirlestur, ritstjórn og prófarkalestur.

Arnpór Gunnarsson

er sagn- og ferðamálafræðingur. Meginverkefni Arnþórs á árinu er fólgið í ritun sögu flugvalla og flugleiðsögubjónustu á Íslandi fyrir Isavia ohf. Áætlað er að verkið komi út á bók árið 2017. Einnig ritar Arnþór texta í ljósmyndabók við ljósmyndir Pepe Brix af starfsemi útgerðarfyrirtækisins Skinney–Þinganes til sjós og lands, og kom bókin út í júní 2017.

Árni Daníel Júlíusson

er með doktorspróf í sagnfræði og er sjálfstætt starfandi fræðimaður í RA. Árni er einnig í rannsóknarstöðu dr. Kristjáns Eldjárns við þjóðminjasafn Íslands. Helstu verkefni Árna Daníels á árinu: Samspil manns og umhverfis í Mývatnssveit á tímabilinu 1700–1950. Þriggja ára rannsóknaverkefni, styrkt af Rannsóknasjóði. Útgefið efni eftir Árna Daníel á árinu: (ásamt meðhöfundum) „Water and Sustainability in the Lake Mývatn Region of Iceland: An Historical Perspective.“ Í John Shroder and Gregory Greenwood (ristj.) *Mountain Ice and Water*, 21, 155–192. (ásamt meðhöfundum) „Adapting to Population Growth: The Evolutionary Alternative to Malthus.“ *Cliodynamics: The Journal of Quantitative History and Cultural Evolution*, 7(1). *Miðaldir í skugga Svarfaðardals*. Reykjavík, JPV útgáfa.

Árni Finnsson

er formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands. Hann starfaði hjá Greenpeace International á árunum 1989–1996 og var í stjórn Greenpeace Nordic árin 2005–2014.

Björg Árnadóttir

er með meistaragráðu í menntunarfræðum auk þess að vera menntaður kennari og blaðamaður. Á árinu 2016 byggði Björg upp námskeiðahald á vegum fyrirtækis síns, Stílvopnið – valdefling og sköpun ehf. Björg býður upp á margvísleg ritunarnámskeið á almennum markaði: skapandi skrif, endurminningaskrif og greinaskrif. Einnig kennir hún félagsörvun í fyrirtækjum og stofnunum, býður einstaklingum ráðgjöf við ritun og kennir jaðarsettum hópum. Björg tekur þátt í margvíslegum, evrópskum samstarfsverkefnum á sínu sviði í nafni ReykjavíkurAkademiunnar. Fyrirlestrar og verkefni Bjargar á árinu: Ýmsir fyrirlestrar tengdir bók Bjargar, *Lake Mývatn, People and Places*, sem skrifuð var í RA. Björg tók þátt í tveimur Evrópuverkefnum: Theater against Youth Homelessness og Engaging Socially Disadvanted Groups Into Cultural Life. Útgefið efni eftir Björgu á árinu: Tólf greinar um þjóðfélagsmál í Kjarnanum. Heimasíða Bjargar: www.stilvopnid.is

Björn S. Stefánsson,

dr. Scient, er meðlimur í Vísindafélagi Norðmanna. Björn er forstöðumaður Lýðræðissetursins og sinnir rannsóknum á aðferðum við atkvæðagreiðslu og kosningum. Heimasíða Björns: www.abcd.is Útgefið efni eftir Björn á árinu: „Hvernig kosning forseta verður því traustari sem fleiri eru í framboði.“ Í Áslaug Helgadóttir (ritstj.), *Rit til heiðurs Jónatan*

Hermannssyni sjötugum, 27. nóvember, bls. 107–108. Reykjavík: Korpuforlagið. Fyrirlestrar sem Björn hélt á árinu: Uppruni hugmyndarinnar um auðlindagjald í íslenskum stjórnmálum. Málstofa Reykjavíkurakademiunnar 25. febrúar 2016.

Borgþór S. Kjærnested,

rithöfundur og þýðandi, er sjálfstætt starfandi fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni. Helstu verkefni Borgþórs á árinu: Dagbækur Kristjáns X. um Ísland. Árið 2011 veitti Margrét II. Danadrottning Borgþóri aðgang að dagbókum Kristjáns X. sem hann færði á árunum 1908–1932, um það bil 500 handskrifaðar blaðsíður. Unnið var að skráningu og innritun þessa efnis í tölvutækt form í Kaupmannahöfn í um 6 mánuði á tímabilinu frá september 2012–2015. Þýðing efnisins og yfirlestur fór síðan fram í ReykjavíkurAkademíunni. Sögufélagið frestaði útgáfu efnisins til aldarafmælisárs Fullveldisins, 1. desember 2018. Bókin mun líta dagsins ljós á afmælisárinu. Finnland – *Land og þjóð*. Vegna aldarafmælis sjálfstæðisyfirlýsingar finnska ríkisþingsins 6. desember 2017 var ákveðið að skrifa sögu *Finnlands*. Bókin fjallar um jarðsöguna, þróun mannlífs í landinu og uppruna finnskunnar og sænskunnar á þessu svæði.

Clarence E. Clad

er sjálfstætt starfandi fræðimaður og kennari. Clarence er með doktorspróf í trúarbragðafræðum og með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Helstu verkefni Clarence á árinu: Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðarmenning 1780–1918. Alþjóðlegt þriggja ára rannsóknaverkefni níu fræðimanna, styrkt af Rannsóknasjóði. Clarence skipulagði alþjóðlegt málþing ásamt Gylfa Gunnlaugssyni, Icelandic Philology and National Culture 1780–1918, sem haldið var við háskólann í Amsterdam 3. og 4. nów. 2016. Gestgjafi var Study Platform on Interlocking Nationalisms (SPIN). Sjá nánar: www. ipnc. akademia.is. Útgefið efni eftir Clarence á árinu: „Paul and Adaptability.“ Í J. Paul Sampley, ed., *Paul in the Greco-Roman World: A Handbook*. 2nd ed. T&T Clark/Bloomsbury, 2016, pp. 1–32.

Elín Þöll Þórðardóttir

er doktor í talmeinafræði og hefur sérhæft sig í málþroska, málhömlunum barna og tvítyngi. Elín er prófessor við McGill háskólann í Kanada og sjálfstætt starfandi fræðimaður í RA.

Friðbjörg Ingimarsdóttir

er með meistaragráðu í mennta- og menningarstjórnun og starfar sem framkvæmdastýra Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Útgefið efni eftir Friðbjörgu á árinu: (ásamt Gunnari Hersveini heimspekingi) *Hugskot – skamm-, fram- og víðsýni*. Reykjavík: Iðnú

Guðbjörg Lilja Hjartardóttir,

stjórnmálafræðingur starfar við ráðgjöf, kennslu og rannsóknir í RA. Í starfi sínu hefur Guðbjörg Lilja lagt áherslu á alþjóðamál, alþjóðamannréttindi, réttindi og stöðu kvenna og kynjafræði. Útgefið efni eftir Guðbjörgu Lilju á árinu: (ásamt Þorgerði Þorvaldsdóttur kynjafræðingi) „Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar: Áskoranir, togstreita og tækifæri.“ *Stjórnmál og stjórnsýsla*, 12 (2), 369–391.

Gylfi Gunnlaugsson, cand. mag. í íslenskum bókmenntum, er sjálfstætt starfandi fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni. Helstu verkefni Gylfa á árinu: Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðarmenning 1780–1918. Alþjóðlegt þriggja ára rannsóknaverkefni níu fræðimanna, styrkt af Rannsóknasjóði. Útgefið efni eftir Gylfa á árinu: „*Island.*“ *Nordische Mythen und ihre Rezeption. Ein Lexikon.* Ritsjt. Julia Zernack o. fl. Heidelberg: Winter. (Í prentun.) „Norse Myths, Nordic Identities. The Divergent Case of Icelandic Romanticism.“ í *Northern Myths, Modern Identities. The Nationalization of Mythologies in Northern Europe 1800–2015.* Ritsjt. Simon Halink. Leiden: Brill. (Í prentun.) Gylfi skipulagði alþjóðlegt málþing ásamt Clarence E. Glad, Icelandic Philology and National Culture 1780–1918, sem haldið var við háskólann í Amsterdam 3. og 4. nóv. 2016. Gestgjafi var Study Platform on Interlocking Nationalisms (SPIN). Sjá nánar: www. ipnc. akademia.is.

Guðrún Hallgrímsdóttir

er dipl. ing í verkfræði, hefur sérhæft sig í gæðastjórnun og umhverfisstjórnun, unnið við vottun lífrænnar framleiðslu og MSC, leiðsögn og ritað um íslenska matarhefð.

Haukur Arnþórsson

er doktor í stjórnsýslu frá HÍ. Hann starfar sjálfstætt hjá RA við rannsóknir, ráðgjöf og kennslu. Útgefið efni eftir Hauk á árinu: „Þingstörf á Alþingi 1991–2015. Kyrrstaða í breyttu umhverfi.“ *Stjórnmál & stjórnsýsla*. 12 (2), 537–559.

Hermann Stefánsson

er sjálfstætt starfandi rithöfundur í ReykjavíkurAkademíunni. Á árinu gaf Hermann út skáldsöguna *Bjargræði*.

Ingibjörg Hjartardóttir

er rithöfundur og sjálfstætt starfandi fræðimaður í RA. Ingibjörg er menntaður bókasafns- og upplýsingafræðingur og starfar á bókasafni samhliða ritstörfum. Helstu verkefni Ingibjargar á árinu: Ingibjörg þýddi skáldsöguna *Annað land* eftir Hakan Lindquist sem var gefin út af Sölku, bókaforlagi.

Ingimar Einarsson

er doktor í félagsfræði frá Uppsalaháskóla og sjálfstætt starfandi ráðgjafi og rannsakandi í RA. Helstu verkefni og útgáfur Ingimars á árinu: Stefnumótun í heilbrigðis- og velferðarmálum. Fyrsta ritið *Heilbrigðisstefna til framtíðar* kom út árið 2017. Aðrar rannsóknir sem Ingimar vinnur að eru: Þjóðfélagsbreytingar á Íslandi, Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri og Alþjóðlegur heilbrigðismarkaður.

Ingunn Ásdísardóttir

stundar doktorsnám í þjóðfræði í HÍ. Norræn goðafræði er hennar sérsvið. Einnig er hún mikilvirkur þýðandi fagurbókmennta.

Jón Rúnar Sveinsson

er með phil lic gráðu í félagsfræði með húsnaðisrannsóknir sem sérsvið.

Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir

er með meistaragráðu í bókmenntafræði. Sérsvið hennar er mesópótamískar bókmenntir. Kolbrún sérhæfir sig í þýðingum og greiningum á textum frá hinum

forna menningarheimi Mesópótamíu. Árið 2016 vann hún að þýðingu lögbókar Hammúrabí, af frummálinu akkadísku og hyggur á útgáfu. Lögin sjálf eru þýdd eftir umritun textans af fleygrúnum yfir á latneskt letur, en formálann og eftirmálann þýðir Kolbrún af fleygrúnum, sem var letur Mesópótamíumanna. Útgefið efni eftir Kolbrúnu á árinu: „Stigið yfir þröskuld táranna – Um Upphafningu Inönnu eftir Enhedüönnu.“ *Són*, 14. árgangur, 2016.

Kristín Jónsdóttir

er sagnfræðingur og vinnur við ritstörf og ritstjórn vefsíðu Kvennalista. Fyrirlestrar og verkefni Kristínar á árinu: Fyrirlestur um Kvennalistann hjá 60 plús í Samfylkingunni. Ritun bókar um foreldra hennar, þau Jón Hjaltalín Gunnlaugsson og Jónu Halldóru Bjarnadóttur.

Vefurinn Kvennalistinn.is: Verkefnið verður lifandi vefur á íslensku og ensku um einstakan atburð á heimsvísu. Kvennaframboð og Kvennalisti brutu blað í íslenskri kvenna- og stjórnmálasögu og fjölguðu konum á Alþingi og í sveitarstjórnum. Þau komu með nýjar pólitískar áherslur, breyttu orðræðunni og styrktu sjálfsmynd kvenna. Vefurinn verður bæði sögulegur vefur um pólitíska kvennahreyfingu og gagnvirkur vefur þar sem kvennalistakonur sem stóðu að stofnun framboðanna miðla af reynslu sinni og þekkingu. Gert ráð fyrir að gögn og upplýsingar um kvennaframboðin frá byrjun aldarinnar verði vistuð á vefnum. Einnig er áhugi fyrir því að gögn og skjöl Rauðsokka-hreyfingarinnar verði gerð aðgengileg þar.

Kristinn Ágúst Friðfinnsson

er með sérfræðinám í sálgæslu og með mastersgráðu í sáttamiðlun og átakastjórnun. Helstu verkefni Kristins á árinu: Kristinn vann að úrvinnslu rannsóknar sinnar á mismunandi tilfinningaviðbrögðum karla í deilum við fyrrum eiginkonur sínar um forræði barna. Frumrannsóknin byggði á djúpviðtölum og síðan kóðun orða úr viðtölunum, sem síðan mynduðu grunn að flokkun og samanburði tilfinninga. Rannsóknin er grunnur meistaraverkefnis við lagadeild Hafnarháskóla. Eftir akademísku flokkunarkerfi telst verkefnið á sviði átakafræði og félagslegrar sálfræði. Kristinn hélt jafnframt fyrirlestra um grunnhugmyndafræði og aðferðafræði í sáttamiðlum, og á sviði sálgæslufræða og samtaltstækni.

Lana Kolbrún Eddudóttir

stundar nám í sagnfræði við HÍ með áherslu á kvenna- og kynjasögu.

Magnea Þ. Ingvarsdóttir

er með meistaragráðu í menningarfræði og er sjálfstætt starfandi fræðimaður í RA.

Maria Polgáry

er með meistaragráðu í þýðingafræði og starfar við að þýða fræðitexta af ýmsu tagi úr ensku, frönsku og íslensku á sænsku.

Ragnheiður Ólafsdóttir

er með doktorspróf í þjóðlagafræðum. Helstu verkefni Ragheiðar á árinu: Ragnheiður skrifaði, ásamt Nicola Dibben, kafla í bókinni *Sounds Icelandic*, sem kemur út hjá Equinox forlaginu í Sheffield síðla árs 2017 og þýddi fræðitexta fyrir norska bókaútgáfu. Einnig skrifaði Ragnhildur ritdóm um hljómdisk fyrir stórt alþjóðlegt factímarit (*Yearbook for Traditional music*).

Ragnhildur Sigurðardóttir

er með doktorspróf í vistfræði og er sjálfstætt starfandi fræðimaður í RA. Ragnhildur rekur einnig býlið Stokkseyrarsel á Suðurlandi. Helstu verkefni Ragnhildar á árinu: Samspil manns og umhverfis í Mývatnssveit á tímabilinu 1700–1950. Þriggja ára rannsóknaverkefni, styrkt af Rannsóknasjóði. Útgefið efni eftir Ragnhildi á árinu: (ásamt meðhöfundum) „Water and Sustainability in the Lake Mývatn Region of Iceland: An Historical Perspective.“ Í John Shroder and Gregory Greenwood (ristj.) *Mountain Ice and Water*, 21, 155–192. (ásamt meðhöfundum). „Vulnerability of Tropical Forest Ecosystems and Forest Dependent Communities to Droughts.“ *Environmental Research*, 144, 27–38.

Rannveig Lund

er sérkennslufræðingur. Sérsvið hennar er læsi, greiningar, ráðgjöf og gerð lestrarkennsluefnis. Helstu verkefni Rannveigar á árinu: Rannveig kynnti lestrarkennsluefnið *Fjórir stafir í fókus* í Álfhólsskóla. Jafnframt hélt Rannveig réttindanámskeið fyrir sérkennara í notkun Greinandi ritmálsprófs (GRP 14h) í sal ReykjavíkurAkademíunnar.

Salvör Aradóttir

er með meistarapróf í leikhúsfræðum og starfar sem þýðandi og ráðstefnutúlkur samhliða rannsóknaverkefnum.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson

er cand. jur, fyrrv. ráðuneytisstjóri og sendiherra, stundakennari við HR, gestafyrirlesari við HÍ og prófdómari við lagadeild HÍ frá 1999.

Unnur Óttarsdóttir

hefur lokið doktorsprófi í listmeðferð. Hún er stundakennari við Listaháskóla Íslands og starfar einnig á eigin listmeðferðarstofu ásamt því að vera sjálfstætt starfandi fræðimaður í ReykjavíkurAkademíunni. Rannsóknarsvið Unnar snúa að listmeðferð fyrir einstaklinga sem hafa orðið fyrir áföllum, listsköpun sem reynslunám og kennslunálgun ásamt tengslum samtímalistar og listmeðferðar.

Viðar Hreinsson

er sjálfstætt starfandi bókmenntafræðingur í RA og Náttúruminjasafni Íslands, sérhæfður í bókmenntasögu, umhverfishugvísindum, handritamenningu, þjóðlegum fróðleik og bókmenningu bændasamfélagsins. Verkefni Viðars á árinu: Samspil manns og umhverfis í Mývatnssveit á tímabilinu 1700–1950. Þriggja ára rannsóknaverkefni, styrkt af Rannsóknasjóði. Útgefið efni eftir Viðar á árinu: (ásamt meðhöfundum) „Water and Sustainability in the Lake Mývatn Region of Iceland: An Historical Perspective.“ Í John Shroder and Gregory Greenwood (ristj.) *Mountain Ice and Water*, 21, 155–192. *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar* (2016). Reykjavík, Lesstofan.

Þorgerður H. Þorvaldsdóttir

er sjálfstætt starfandi sagn- og kynjafræðingur í ReykjavíkurAkademíunni. Hún lauk doktorsprófi í kynjafræði við Háskóla Íslands árið 2012. Helstu verkefni Þorgerðar á árinu: Þorgerður starfar við rannsóknaverkefnið In the Wake of Suffrage: Icelandic Women as Cultural and Political Agents, 1915–2015, en verkefnið fékk styrk úr Rannsóknasjóði Rannís til þriggja ára. Útgefið efni eftir Þorgerði á árinu: (ásamt Guðbjörgu Lilju Hjartardóttur) „Mannréttindastefna

Reykjavíkurborgar: Áskoranir, togstreita og tækifæri.“ [The City of Reykjavík’s Human Rights Policy: Challenges, Dilemmas and Opportunities.] *Icelandic Review of Politics and Administration*. 12(2), 369–392. http://www.irpa.is/article/view/a.2016.12.2.9 Fyrirlestrar sem Þorgerður flutti á árinu: „Því miður eruð þér ekki á kjörskrá.“ Takmarkanir kosningaréttarins 1915“. Fyrirlestur fluttur á Hugvísindapingi, í Háskóla Íslands 11. mars 2016

Þorleifur Hauksson,

cand.mag, er sjálfstætt starfandi fræðimaður í RA og vinnur nú að útgáfu konungasagna á vegum Hins íslenska fornritafélags. Undanfarin tólf ár hafa aðalstörf Þorleifs verið á vegum Hins íslenska fornritafélags við útgáfu konungasagna í ritröðinni Íslensk fornrit. Núverandi verkefni er Jómsvíkinga saga, sem unnið er að í samvinnu við dr. Martein Helga Sigurðsson. Vinna Þorleifs við Jómsvíkinga sögu á nýliðnu ári var lokafrágangur á texta og neðanmálgreinum til umbrots og ritun einstakra kafla í formála. Þorleifur sótti um Jónshús í Kaupmannahöfn, var veitt mánaðardvöl þar og vann allan marsmánuð við rannsóknir á handritum og gerðum sögunnar við Det Arnamagnæanske Institut. Í framhaldi bjó hann til prentunar nokkra sjálfstæða þætti úr safnritum konungasagna sem prentaðir verða í viðauka bókarinnar, útbjó neðanmálgreinar við þá og ritaði formála fimm þátta af sjö; hinir koma í hlut Marteins. Gert er ráð fyrir að bókín verði fullbúin í síðasta lagi vorið 2018. Verkefni og störf Þorleifs á árinu: Prófdómari við Háskóla Íslands, ásamt því að lesa yfir MA-ritgerðir og dæma frammistöðu í munnlegum prófum. Situr í fagráði Hugvísindadeildar, sem metur umsóknir um rannsóknarstyrki kennara og doktorsnema. Situr í skólanefnd Tónstofu Valgerðar, sem er viðurkenndur tónlistarskóli og sá eini þar sem fatlaðir njóta jafnréttis til tónlistarnáms.

Þröstur Haraldsson

er sjálfstætt starfandi blaðamaður í RA og fyrrverandi ritstjóri.

Þuríður Jónsdóttir

er tónskáld og flautuleikari og starfar sjálfstætt við tónsmíðar í RA. Útgefn tónverk eftir Þuríði á árinu: Hymni er rafrænt tónverk sem var flutt á sýningu í Rebilð í Danmörku (Galleri Ruth ´s sun powered Sound Art Drive In) 4. júní til 11. sept. 2016. Tónverkið *Downbeat Aroma* var frumflutt í Hörpu 11.september. Flytjandi: Elektra Ensemble 2016. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið *Flow and Fusion* (2001) í Eldborg 13. okt. 2016. *48 Images Of The Moon* (samið árið 2016) var frumflutt í Elbphilharmonie tónleikahöllinni í Hamborg 11. Febrúar 2017. Flytjandi: Sæunn Þorsteinsdóttir sellóleikari.



Verkakonur í frystihúsi. Ljósmynd í eigu Bókasafns Dagsbrúnar.

Félög innan ReykjavíkurAkademíunnar

Hagþenkir

er félag höfunda fræðirita og kennslugagna. Félagið var stofnað 1. júlí 1983 og hefur fjöldi félaga vaxið jafnt og þétt síðan. Í árslok 2016 voru félagsmenn 653 talsins. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna og réttar félagsmanna og bæta skilyrði til samningar og útgáfu fræðirita og kennslugagna. Annast félagið samninga fyrir félagsmenn, veitir hagnýtar leiðbeiningar og tryggir félagsmönnum sem best kjör. Í stjórn sitja fimm félagar, núverandi formaður er Jón Yngvi Jóhannsson og meðstjórnendur eru Ásdís Lovísa Grétarsdóttir, Sigmundur Einarsson, Sigríður Stefánsdóttir og Þorsteinn Helgason. Ásamt stjórn eru starfandi ýmis ráð innan félagsins sem huga að mismunandi verkefnum þess. Friðbjörg Ingimarsdóttir er framkvæmdastýra Hagþenkis.

Íslensk heilsuhagfræði

var sett á laggirnar árið 2013 og veitir ráðgjöf í heilsuhagfræði. Er slík hagfræði tæki til að skera úr um hvar peningarnir sem eru til skiptanna í heilbrigðiskerfinu nýfast best, þannig að heppilegt og réttlátt jafnvægi náist á milli kostnaðar við inngríp annars vegar og hins vegar lífsgæðaaukningar sem meðferðin hefur í för með sér. Félagið sinnir ráðgjafastörfum fyrir opinbera aðila, lyfjafyrirtæki, lækningavörufyrirtæki, hagsmunasamtök sjúklinga og háskólasamfélagið. Forstöðumaður er Gylfi Ólafsson.

Lýðræðissetrið ehf.

sinnir rannsóknnum á aðferðum við atkvæðagreiðslu og kosningu og veitir ráðgjöf í þeim efnum. Markmið félagsins er að kynna raðval og sjóðval um víða veröld. Forstöðumaður Lýðræðissetursins er Björn S. Stefánsson.

Náttúruverndarsamtök Íslands

voru formlega stofnuð þann 29. maí 1997 og eru því á sínu 20. starfsári. Markmið þeirra er að vera málsvari umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða og stuðla að verndun náttúru Íslands, sem er bæði íslenskt og alþjóðlegt verkefni. Stjórn

samtakanna skipa: Árni Finnsson, formaður, Finnur Guðmundsson, Freyja Birgisdóttir, Hjörleifur Hjartarson og Ragnheiður Júlía Ragnarsdóttir. Varamenn eru Kristján Kristinsson og Bergur Sigurðsson.

Stílvopnið ehf.

er fræðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í skapandi og valdeflandi kennsluaðferðum á sviði ritlistar og félagsörvunar. Fyrirtækið býður upp á námskeið, fyrirlestra og ráðgjöf varðandi ritstörf og útgáfu. Forstöðukona Stílvopnsins er Björg Árnadóttir.

Bókasafn Dagsbrúnar

hefur verið í umsjón og varðveislu RA um tólf ára skeið. Áður var safnið hjá Verkamannafélaginu Dagsbrún á Lindargötu og síðar í Skipholti. Árið 2003 gerði Efling – stéttarfélag samning við ReykjavíkurAkademíuna um varðveislu safnsins og hefur RA haft umsjón með safninu allar götur síðan. Í dag er safnið staðsett í húsakynnum RA við Þórunnartún 2.

Rekstrartekjur RA ses af Bókasafni Dagsbrúnar eru mánaðarlegar greiðslur frá Eflingu – stéttarfélagi. Árið 2016 námu greiðslurnar alls 8,76 milljónum króna. Stærstur hluti teknanna (4,46 mkr.) fór í húsaleigu, um 2,9 mkr. fóru í launakostnað bókasafnsfræðings og sjálfstætt starfandi fræðimanns og um 660 þúsund krónur fóru í annan rekstrarkostnað (t.d. gjöld vegna tímaritaáskrifta og þjónustugjald vegna Landskerfis bókasafna.

Opnunartími safnsins og þjónusta

Safnið er opið almenningi alla virka daga frá kl. 12:00 til 16:00. Á safninu starfar bókasafnsfræðingur sem m.a. aðstoðar safngesti við heimildaleit og skráir nýjar bækur og rit í Gegni (sameiginlegt kerfi íslenskra bókasafna). Í febrúar 2016 urðu starfsmannabreytingar á bókasafninu þegar Kristjana M. Jónsdóttir Hjörvar leysti Guðnýju Kristínu Bjarnadóttur af í starfi á meðan sú síðarnefnda fór í barnsburðarleyfi. Kristjana fékk síðar fastráðningu á Landsbókasafni Íslands og hóf störf þar í desember sama ár. Stuttu síðar sagði Guðný Kristín starfi sínu lausu og hefur Ingibjörg Hjartardóttir, bókasafnsfræðingur, sinnt starfinu síðan.

Menningar- og fræðilegt gildi bókasafnsins

Í nóvember 2016 var Óskar Völundarson ráðinn til að vinna skýrslu um menningarlegt og fræðilegt gildi bókasafnsins og var niðurstaða hans, í stuttu máli, þessi: „Gildi bókasafnsins fyrir rannsóknir hlýtur að miðast að miklu leyti við sérstöðu þess... [það] má líta á safnið bæði út frá sérstökum rannsóknartækifærum sem það eitt býður upp á og sem rannsóknarmiðstöð fyrir almennari rannsóknir á sérsviði safnsins“.

Ársreikningur RA ses 2016

Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Rekstrartekjur		
Tekjur af skrifstofuhúsnæði	17.644.738	17.984.726
Aðrar sértekjur	35.777.810	29.045.855
Ríkisframlag	18.900.000	18.200.000
Rekstrartekjur alls:	72.322.548	65.230.581
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	16.191.795	14.958.521
Gjöld af skrifstofuhúsnæði	19.853.037	19.632.304
Gjöld vegna verkefna	26.923.223	15.706.877
Gjöld vegna bókasafns	8.048.481	7.499.578
Annar rekstrarkostnaður	4.940.180	6.568.398
Rekstrargjöld alls	75.956.716	64.365.678
Hagnaður/(tap) ársins	(3.514.763)	832.646

Efnahagsreikningur

	2016	2015
Eignir		
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Málverk	125.000	125.000
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	580.760	1.017.053
Aðrar kröfur	151.801	1.432.627
Handbært fé	3.850.256	4.301.491
	4.582.817	6.751.171
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	5.825.432	4.992.786
Rekstrarniðurstaða ársins	(3.514.763)	832.646
Eigið fé samtals	2.310.669	5.825.432
Skammtímaskuldir	2.397.148	1.050.739
Eigið fé og skuldir samtals	4.707.817	6.876.171

Sjóðstreymi ársins 2016

	2016	2015
Handbært fé frá rekstri		
Frá rekstri		
Niðurstaða ársins (halli)	(3.514.763)	832.646
Hreint veltufé frá rekstri	(3.514.763)	832.646
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	72.322.548	65.230.581
Skammtímaþrófur, (hækkun), lækkun	1.717.119	31.725
Skammtímaskuldir, (hækkun), lækkun	1.346.409	(679.831)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	3.063.528	(648.106)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(451.235)	184.540
Handbært fé í ársbyrjun	4.301.491	4.116.951
Handbært fé í árslok	3.850.256	4.301.491

